

Orkustofnun  
Kristján Geirsson  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2021  
UST202111-144/B.S.  
10.05.01

**Efni: Efnistaka - Sandhalanáma - tímabundið leyfi. Umsögn**

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 11. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um umsókn Björgunar ehf. til að taka allt að 20.000 m<sup>3</sup> úr Sandhalanámu. Sótt er um leyfi til efnistökunnar í eitt ár,

Í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum í sunnanverðum Faxaflóa segir að gera eigi rannsókn á lífríki í sunnanverðum Faxaflóa sem miði að því að skýra vistfræðilegt gildi enistökusvæða fyrir dýrastofna, m.a. síli og flatfiska.

Í álitinu segir: *Auk þess hafi síli komið ítrekað í greipar við botnsýnatöku á vegum Björgunar, sem bendi til þess að síli sé algengt í Melakrika og í Sandhalanámu. Hrogn síla séu botnlæg frá október til maí-júní og einnig sé sennilegt að síli séu viðkvæmari fyrir efnistöku á ákveðnum árstínum umfram aðra tíma ársins. Þá bendir stofnunin á að síli séu afar mikilvæg fyrir vistkerfi Faxaflóa þar sem þau eru grundvallarfæða ýmissa fugla, eins og lunda og svartfugls, margra fiska og hvala. Gæta verði varúðar og ekki veita rýmri leyfi til efnistöku en þörf sé á, ekki síst í ljósi þess að rannsóknir á áhrifum efnistöku á síli og botngerð hafi ekki verið gerðar hér á landi.*

Umhverfisstofnun fær ekki séð í gögnum sem fylgja umsókninni að þessi rannsókn hafi farið fram. Því ætti að hafa samráð við Hafrannsóknastofnun um hvernig best sé að standa að efnistöku úr Sandhalanámu þannig að áhrif hennar á síli verði sem minnst.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnes Porkelsdóttir  
Sérfræðingur